



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á reglum um þjónustu frístundaheimila

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. apríl 2019 var lögð fram tillaga og greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila, dags. 4. apríl 2019, ásamt umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar, dags. 27. febrúar 2019, reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar með breytingum og nógildandi reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga, dags. 4. apríl 2019
Umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2019
Reglur um þjónustu frístundaheimila, með breytingum
Reglur um þjónustu frístundaheimila



Reykjavík, 4. apríl 2019
SFS2019040038
158. fundur
HG/sp/gs

Bréf

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra varðandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila:

Lagt er til að gerð verði breyting á **6. mgr. í gr. 1.a** til að tryggja fleiri börnum einhverja daga í vistun á frístundaheimilum ef um fáliðun verður að ræða.

Ákvæðið er svohljóðandi:

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna manneklu, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, þá börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk. Í Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu eins og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi, sjá 6. mgr. í gr. 1.a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum

frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst. Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu s.s. vegna manneklu, sjá 6. mgr. í 1. gr. a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Í grein 1.b 4. mgr. a. lið, er lagt til að gerð verði sú breyting að lokað verði í frístundaheimilum á aðfangadag og gamlársgang.

Ákvæðið er nú svohljóðandi:

Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00.

Á aðfangadag og gamlársgang eru þau opin frá kl. 8:00-12:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. *Á aðfangadag og gamlársgang er lokað.*

Í grein 1.b 4. mgr. e lið, er lagt til að gerð verði sú breyting að starfsdögum frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði fjölgað úr tveimur í þrjá á ári, einn af þessum dögum ber að nýta til undirbúnings sumarstarfsins.

Ákvæðið er nú svohljóðandi:

Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru tveir á skólaárinu, að jafnaði einn á haustönn og annar á vorönn. Þá daga eru frístundaheimilin lokað.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru *þrjár* á almannaksárinu. Þá daga eru frístundaheimilin lokað.

Í 3. mgr. í gr. 6.a er lagt til að gerð verði sú breyting að fram komi að skráning á langa daga verði bindandi eftir að skráningarfrestur rennur út.

Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi *eftir að frestur til skráningar rennur út* og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Í 2. mgr. í gr. 6.b þar sem fjallað er um starfsmannaafslátt er lagt til að gerð verði sú breyting að umsókn um afslátt skuli endurnýja fyrir 15. ágúst ár hvert.

Ákvæðið er svohljóðandi:

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. *Umsókn um afslátt þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.*

Í 3. og 4. mgr. í gr. 6.b er lagt til að gerðar verði breytingar í tengslum við ákvörðun borgarstjórnar, dags. 4. desember 2018, varðandi eitt gjald foreldra þvert á skólastig.

Núgildandi **3. og 4. mgr. í gr. 6.b** er svohljóðandi:

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs er veittur 75% afsláttur af dvalargjaldi vegna annars barns og 100% vegna þriðja og fjórða barns. Veittur er 50% systkinaafsláttur af gjöldum á frístundaheimili ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis í leikskóla, hjá dagforeldri eða vegna dvalar í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna.

Lagt er til að gerð verði breyting á **3. og 4. mgr. í gr. 6. b** og að ákvæðið hljóði svo:

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldri systkinis/systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/ynngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna og fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Lagt er til að **2. mgr. 10 gr.** verði felld niður og að umrædd atriði komi fremur fram í verklagi skóla- og frístundasviðs um húsnæði og rekstur frístundaheimila en ákvæðið er svohljóðandi:

Frístundamiðstöð gerir samninga fyrir 1. apríl ár hvert við grunnskólana fyrir komandi skólaár, þar sem rými, ábyrgð og rekstur er tilgreindur og skýr. Skólastjórum og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Meðfylgjandi eru reglur skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar með breytingum merktum auk núgildandi reglna sem samþykktar voru fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Lagt er til að breytingarnar taki gildi 1. maí 2019 að undanskyldri breytingu á 3. mgr. í gr. 6.b varðandi eitt námsgjald sem lagt er til að gildi frá 1. janúar 2019.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 4. desember 2018 var gert ráð fyrir að gerðar yrðu breytingar á systkinaafslætti með þeim hætti að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig.

Skóla- og frístundasvið hefur að undanfögnu unnið að útfærslu þessarar ákvörðunar og leggur nú til að gerðar verði breytingar á reglum um leikskólalþjónustu, reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva. Í **fskj. 1** má sjá dæmi um útfærslu breytinganna.

Tekið er fram að þessi breyting á systkinaafslætti hefur ekki áhrif á aðra afslætti skv. reglunum, þannig geta foreldrar bæði fengið sem dæmi 100% systkinaafslátt og námsmannaafslátt.

Í drögum að þjónustusamningum skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra er gert ráð fyrir að framlagið vegna frístundaheimila taki mið af auknu framlagi vegna systkina með þeim hætti að tekið verði mið af gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila borgarinnar, sjá dæmi í fylgiskjali

Kostnaður skóla- og frístundasviðs:

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna framangreindra breytinga að því undanskyldu að gert er ráð fyrir að heildarkostnaður vegna ákvörðunar um eitt námsgjald, sbr. breyting á 3. og 4. mgr. 6. gr.b, geti orðið um 135 m.kr. eða 25 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Upphafleg áætlun 2019 var 110 m.kr. aukning við áætlun 2018. Við nánari útfærslu þessa aukna afsláttar kom í ljós að áætlun fjárförf var hærri sem nemur 25 m.kr. og í þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir 10 m.kr. kostnaði vegna fjölgunar barna í vistun.

Með vísan til umsagnar fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2019, þá mælir fjármálaskrifstofa borgarinnar með að miðað verði við 125 m.kr. viðbótarfjárheimild í ramma sviðsins og liggur munurinn í því að ekki er tekið tillit til 10 m.kr. vegna óvissu um aðsókn.

Á fundi borgarráðs þann 4. apríl sl. var lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 1. apríl 2019, að viðaukum við Fjárhagsáætlun 2019 ásamt fylgiskjölum. Með tillögunni er lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 15.096 þ.kr. vegna breytinga á reglunum vegna systkinaafsláttar. Tillögunni var vísað til borgarstjórnar.

| Aðstæður | Núgildandi afsláttakerfi | Nýtt afsláttakerfi | Athugasemdir |
|---|--|--|--|
| <i>Leikskólakerfi – Systkini í vistun í leikskólum eða hjá dagforeldri</i> | | | |
| Tvö börn eða fleiri í leikskólum borgarinnar | 75% afsláttur af öðru barni og 100% afsláttur af þriðja barni | 100% afsláttur af öðru barni (eldra barni) | |
| Tvö börn eða fleiri í sjálfstætt reiknum leikskólum | 75% afsláttur af öðru barni og 100% afsláttur af þriðja barni | 100% afsláttur af öðru barni (eldra barni). Miðað við gjaldskrá SFS fyrir sama fjölda vistunartíma plús 15% álag. | Foreldrar þurfa ekki að sækja sérstaklega um, gerist sjálfkrafa í Völunni |
| Eitt barn í borgarreknum leikskóla og annað í sjálfstætt reiknum leikskóla | 75% afsláttur af öðru barni og 100% afsláttur af þriðja barni | 100% afsláttur af öðru barni (eldra barni) | Foreldrar þurfa ekki að sækja sérstaklega um, gerist sjálfkrafa í Völunni |
| Eitt barn hjá dagforeldri og eitt í leikskóla borgarinnar | 75% afsláttur af öðru barni (elsta barnið) og 100% afsláttur af þriðja barni | 100% afsláttur af öðru barni (eldra barni) | Foreldrar þurfa ekki að sækja sérstaklega um, gerist sjálfkrafa í Völunni |
| Eitt barn hjá dagforeldri og eitt í sjálfstætt reiknum leikskóla | 75% afsláttur af öðru barni (elsta barnið) og 100% afsláttur af þriðja barni | 100% afsláttur af öðru barni (leikskólabarni) af gjaldskrá SFS | Foreldrar þurfa ekki að sækja sérstaklega um, gerist sjálfkrafa í Völunni |
| Tvö börn hjá dagforeldri | 75% hærrí niðurgreiðsla af öðru barn og 100% hærrí niðurgreiðsla af þriðja barni | 75% hærrí niðurgreiðsla af öðru barn og 100% hærrí niðurgreiðsla af þriðja barni. Engin breyting | Foreldrar þurfa ekki að sækja sérstaklega um, gerist sjálfkrafa í Völunni |
| <i>Milli skólastiga – Systkini í vistun í leikskólum eða dagforeldri annars vegar og vetrarfrístund hins vegar</i> | | | |
| Eitt barn í borgarreknum leikskóla og eitt barn í borgareknu frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð | 50% afsláttur af frístundabarni | 100% afsláttur af barni í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð | Starfsmaður gerir innlestur á milli kerfa. Þarf að skoða að gera þetta sjálfvirk með nýju Völu |
| Eitt barn í borgarreknum leikskóla og eitt í sjálfstætt reiknu frístundaheimili með samning við skóla- og frístundasvið (samningar eru í vinnslu). | 50% afsláttur af frístundabarni | 100% afsláttur af barni í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð samkvæmt samningi um framlag. Tekið skal fram að afsláttur er skv. gjaldskrá SFS vegna frístundaheimila en | Útsendur reikningur frá sjálfstætt starfandi frístundaheimili |

| | | | | |
|--|---|--|--|--|
| | | | ekki gjaldskrá sjálfstætt rekinna fristundaheimila. | |
| Eitt barn í sjálfstætt reknum leikskóla og eitt barn í borgarreknu fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð | 50% afsláttur af fristundabarni | | 100% afsláttur af barni í fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð | Starfsmaður gerir innlestur á milli kerfa. Þarf að skoða að gera þetta sjálfvirkt með nýju Völu |
| Eitt barn hjá dagforeldri og eitt í borgarreknu fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð | 50% afsláttur af fristundabarni | | 100% afsláttur af barni í fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð. | Starfsmaður gerir innlestur á milli kerfa. Þarf að skoða að gera þetta sjálfvirkt með nýju Völu |
| Eitt barn í sjálfstætt reknum leikskóla og eitt barn í fristundaheimili í sjálfstætt reknum grunnskóla, greitt framlag samkvæmt samningi þar um, (samningar eru í vinnslu). | 50% afsláttur af fristundabarni | | 100% afsláttur af barni í fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð. Samkvæmt samningi um framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla með fristundaheimil sem er í vinnslu. Tekið skal fram að afsláttur er skv. gjaldskrá SFS vegna fristundaheimila en ekki gjaldskrá sjálfstætt rekina fristundar. | Útsendur reikningur frá sjálfstætt reknu fristundaheimili til SFS tvisvar á ári samkvæmt samningi í vinnslu |
| Eitt barn hjá dagforeldri og eitt barn í fristundaheimili í sjálfstætt reknum grunnskóla, greitt framlag samkvæmt samningi þar um (samningar eru í vinnslu). | 50% afsláttur af fristundabarni | | 100% afsláttur af barni í fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð samkvæmt samningi um framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla með fristundaheimili sem er í vinnslu. Tekið skal fram að afsláttur er skv. gjaldskrá SFS vegna fristundaheimila en ekki gjaldskrá sjálfstætt rekinna fristundaheimila. | Útsendur reikningur frá sjálfstætt reknu fristundaheimili til SFS tvisvar á ári samkvæmt samningi í vinnslu. |
| Tvö börn í borgarreknu fristundaheimili/sértækri félagsmiðstöð | 75% afsláttur af öðru barni og 100% afsláttur af þriðja barni | | 100% afsláttur af öðru barni | |
| Tvö börn í fristundaheimili í sjálfstætt reknum grunnskóla, greitt framlag | 75% afsláttur af öðru barni og 100% afsláttur af þriðja barni | | 100% afsláttur af öðru barni. Samkvæmt samningi um framlag | Útsendur reikningur frá sjálfstætt reknu fristundaheimili |

| | | | | |
|--|--|---|---|--|
| <p>samkvæmt samningi þar um. (samningar eru í vinnslu).</p> | | | <p>til sjálfstætt rekinna grunnskóla með frístundaheimili sem er í vinnslu. Tekið skal fram að afsláttur er skv. gjaldskrá SFS vegna frístundaheimila en ekki gjaldskrá sjálfstætt rekinna frístundaheimila</p> | <p>til skóla- og frístundasviðs tvisvar á ári samkvæmt samningi sem er í vinnslu.</p> |
| <p><i>Milli sveitarfélaga – Annað eða bæði systkini í vistun í öðru sveitarfélagi</i></p> | | | | |
| <p>Tvö börn hjá sjálfstætt reknum leikskóla utan Reykjavíkur</p> | <p>Framlagið er greitt skv. gjaldskrá sambandsins að frádregnu gjaldi foreldra</p> | <p>100% afsláttur af öðru barni</p> | <p>100% afsláttur af öðru barni</p> | <p>Skólinn sendir afrit af reikningi foreldra sem er afslátturinn sem foreldrar fá</p> |
| <p>Eitt barn í sjálfstætt reknum leikskóla utan Reykjavíkur og annað í leikskóla borgarinnar, sjálfstætt reknum leikskóla borgarinnar eða dagforeldri</p> | <p>75% afsláttur af öðru barni og 100% afsláttur af þriðja barni</p> | <p>100% afsláttur af öðru barni</p> | <p>100% afsláttur af öðru barni</p> | <p>Sjálfvirkt</p> |
| <p>Eitt barn í sjálfstætt reknum leikskóla utan Reykjavíkur og annað í borgarreknu frístundaheimili</p> | <p>50% afsláttur af frístundabarni</p> | <p>100% afsláttur af frístundabarni</p> | <p>100% afsláttur af frístundabarni</p> | <p>Starfsmaður gerir innlestur á milli kerfa. Þarf að skoða að gera þetta sjálfvirkt með nýju Völu</p> |
| <p>Eitt barn í sjálfstætt reknum leikskóla utan Reykjavíkur og annað í sjálfstætt reknu frístundaheimili utan Reykjavíkur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | |
| <p>Eitt barn í leikskóla (borgarreknum eða sjálfstætt reknum) og annað í sjálfstætt reknu frístundaheimili utan Reykjavík</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | |
| <p>Foreldrar sem eiga lögheimili í Reykjavík en með tímabunda búsetu í öðru bæjarfélagi með barn í leikskóla og annað í grunnskóla og frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð utan Reykjavíkur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | |
| <p>Foreldrar sem eiga lögheimili í Reykjavík eru með barn í leikskóla og annað í grunnskóla og</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | <p>Enginn afsláttur</p> | |

| | | | | |
|--|--|--|--|--|
| frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð utan Reykjavíkur | | | | |
|--|--|--|--|--|

27. febrúar 2019
R18010348
ETSB

Umsögn

Efni: Breyting á reglum vegna systkinaafsláttar
Viðtakandi: Borgarstjóri
Sendandi: Fjármálastjóri

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármálaskrifstofa á tillögum Skóla- og frístundasviðs um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar. Breytingin felur í sér að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat Skóla- og frístundasviðs.

Umsögn

Upphafleg kostnaðarmat SFS hljóðaði upp á viðbótarfjárheimild að fjárhæð 110 m.kr. á ársgrundvelli. Í ljós kom hins vegar að inn í kostnaðarmatið vantaði að taka tillit til hækkunar á systkinaafslætti innan skólastigs. Endurskoðað kostnaðarmat SFS þar sem bæði er tekið tillit til hækkunar á systkinaafslætti innan og milli skólastiga hljóðar upp á **135 m.kr.**

| Skýringar | Upphaflegt kostnaðarmat SFS | Fyrir breytingu | | Eftir breytingu | | Viðbótar kostnaður |
|--|--|-----------------|--------------------|--|--------------------|-----------------------|
| | | Afsláttur | Kostnaður | Afsláttur | Kostnaður | |
| 1. | Systkinaafsl. á milli skólastiga | 50% | 100.000.000 | 100% | 200.000.000 | 100.000.000 |
| 2. | Systkinaafsl. á milli skólastiga - óvissa v. aukningu í vistun | | 0 | | 10.000.000 | 10.000.000 |
| | | | 100.000.000 | | 210.000.000 | 110.000.000 |
| <u>Endurskoðað kostnaðarmat SFS (viðbót við upphaflegt kostnaðarmat)</u> | | | | | | |
| 3. | Systkinaafsláttur innan skólastigs - leikskólar | 75% | 117.662.590 | 100% | 156.883.453 | 39.220.863 |
| 3. | Systkinaafsláttur innan skólastigs - frístund | 75% | 29.624.345 | 100% | 39.499.127 | 9.874.782 |
| | | | | | | 49.095.645 |
| 4. | | | | Samtals viðbótarkostnaður eftir breytingu | | 159.095.645 |
| | | | | Væntur afgangur vegna afsláttar á milli skólastiga | | -24.000.000 |
| | | | | Endurskoðað kostnaðarmat SFS | | 135.095.645 |

Skýringar:

- Í útreikningum SFS er gert ráð fyrir kostnaður við systkinaafslátt á milli skólastiga tvöfaldist við breytinguna þ.e. fari úr 100 m.kr. í 200 mkr, á grundvelli fjárheimilda. Breytingin felur í sér að reiknaður er 100% afsláttur af gjaldi frístundar, í stað 50% áður.
- Útreikningar SFS gera ráð fyrir 10 m.kr. í óvissu vegna mögulegrar aukningar í vistun þegar þjónustan verður ókeypis.
- Innan skólastigs er gert ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna hækkunar afsláttar úr 75% í 100% nemi um 49,9 m.kr. Þar af er viðbótarkostnaður um 39,2 m.kr. vegna barna í leikskólum og um 9,9 m.kr. vegna barna í frístund. Matið byggist á raunkostnaði ársins 2018 sem er uppreiknaður miðað við 100% afslátt í stað 75%.
- Dreginn er frá væntur afgangur vegna þess að raunkostnaður ársins 2018 var undir fjárheimildum. Árið 2018 var raunkostnaður 88 m.kr. vegna systkinaafsláttar á milli skólastiga en áætlun gerði ráð fyrir 100 m.kr. Verði samskonar afgangur eftir breytingu úr 50% í 100%

afslátt má geri ráð fyrir að raunkostnaður verði 24 m.kr. undir áætlun. Í kostnaðarmatinu er áætlun lækkuð sem þessu nemur.

Samkvæmt kostnaðarmati SFS er gert ráð fyrir að breyting á reglum vegna systkinaafsláttar bæði innan skólastigs og milli skólastiga hljóði upp **135 m.kr.**

Niðurstaða

Yfirferð fjármálaskrifstofu sýnir eftirfarandi niðurstöðu:

| | Núverandi fjárheimild SFS | Mat SFS á kostnaði eftir breytingu | Viðbótar fjárheimild skv. mati SFS | Mat FMS á kostnaði eftir breytingu | Viðbótar fjárheimild skv. mati FMS |
|---|---------------------------------|--|--|--|--|
| Kostnaðarmat FMS | | | | | |
| Systkinaafsl. á milli skólastiga | 100.000.000 | 186.000.000 | 86.000.000 | 176.000.000 | 76.000.000 |
| Systkinaafsláttur innan skólastigs - leikskólar | 117.662.590 | 156.883.453 | 39.220.863 | 156.883.453 | 39.220.863 |
| Systkinaafsláttur innan skólastigs - frístund | 29.624.345 | 39.499.127 | 9.874.782 | 39.499.127 | 9.874.782 |
| | 247.286.935 | 382.382.580 | 135.095.645 | 372.382.580 | 125.095.645 |

Fjármálaskrifstofa mælir með að miðað verði við 125 m.kr. viðbótarfjárheimild í ramma sviðsins og liggur munurinn í því að ekki er tekið tillit til 10 m.kr. vegna óvissu um aðsókn. Fjármálaskrifstofa mælir hinsvegar með því að talan sé endurskoðuð að hausti þ.e. þegar reynsla er kominn á hvort breytingar feli í sér aukna aðsókn í þjónustuna. Að öðru leyti gerir fjármálaskrifstofa ekki athugasemdir við kostnaðarmatið.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsókn og innritun í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir dvölinu. Gr. 1.c. og gr. 9 fjalla jafnframt um frístundaheimili í sjálfstætt rekrum grunnskólum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Almennt um frístundaheimili

Reykjavíkurborg starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is, er yfirlit yfir öll frístundaheimili borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer. Þau starfa samkvæmt Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra bjóða frístundaheimili upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Börn geta eingöngu innritast á frístundaheimili sem starfrækt er við þann grunnskóla sem þau stunda.

Á sumrin bjóða frístundaheimili upp á þjónustu allan daginn, viku í senn. Þá geta foreldrar skráð börn sín inn á það frístundaheimili sem hentar þeim.

Um skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili má sjá nánar í 2. gr. þessara reglna.

Skráning í vetrarstarf frístundaheimilanna fer fram á vef Reykjavíkurborgar, Mínar síður og skráning í sumarstarf fer fram á www.sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um dvöl á frístundaheimili í öllum frístundamiðstöðvum og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns sækir það foreldri sem barn á lögheimili hjá um frístundaheimili.

Í janúar/febrúar ár hvert eru sendar upplýsingar um starfsemi frístundaheimila til foreldra þeirra barna sem eru að fara í 1.-4. næsta skólaár og eru með lögheimili í Reykjavík. Í febrúar hefst innritun fyrir komandi skólaár. Áður en sótt er um dvöl í frístundaheimili þurfa börnin að vera rafrænt innrituð í viðkomandi grunnskóla. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um frístundaheimili fyrir 1. maí ár hvert.

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna ~~manneldis~~ afaliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hópi boðin ~~hlutavistund~~ dvöl

hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sóttu var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvölvistun verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki manneklu er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst, þá börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk.¹Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu eins og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi, sjá 6. mgr. í gr. 1.a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Þegar sótt hefur verið um dvöl á frístundaheimili fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á föstudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru láttnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundaheimila

Frístundaheimili eru rekin á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra til samræmis við það sem kemur fram hér að neðan. Fyrsti opnunardagur að hausti er daginn eftir skólasetningu og síðasti dagurinn er daginn fyrir skólaslit.

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími frístundaheimila að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi:

- a. Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00. Á aðfangadag og gamlársdag eru þau opin frá kl. 8:00-12:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Á aðfangadag og páskadag er lokað.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst starfsemi frístundaheimilis á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og að af því stafi ekki kostnaðarauki fyrir frístundaheimili. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþrótt- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, námsmats eða prófdagar, vorferðir og fl. geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.
- c. Frístundaheimilin eru lokað í vetrarfríum grunnskólanna. Þá bjóða frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
- d. Frístundaheimilin eru lokað á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru þrjú tveir á skólaárinu, að jafnaði einn á haustönn og annar á vorönn. almanaksárinu. Þá daga eru frístundaheimilin lokað.

¹Reglan um að börnum í 1. bekk sé fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, þá börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk, tekur gildi vegna innritunar barna haustið 2018. Fram að þeim tíma gildir að innritað er eftir aldri umsókna, elsta umsókn fyrst, eins og verið hefur.

Tilgreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjalddöku fyrir utan það að sérstakt gjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídögum grunnskóla, skv. lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjalddöku í gr. 6a í reglum þessum.

Á sumrin er boðið upp á sumarfrístund frá kl. 9:00-16:00, en hægt er að kaupa viðbótarstundir frá kl. 8:00-9:00 og frá kl. 16:00-17:00 sem greitt er fyrir sérstaklega. Leitast er við að samræma sumarfrístund við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir sumarfrístund.

Frístundaheimili sem bjóða upp á sumarfrístund eru lokuð í fjórar vikur yfir sumarið nema eitt frístundaheimili í hverjum borgarhluta sem er lokað í þrjár vikur og í frístundaheimilinu Guluhlíð er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

1.c Frístundaheimili í sjálfstætt starfandi skólum

Í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sjá skólarnir sjálfir um þjónustu við börn eftir skólatíma. Framlag vegna dvalar reykviskra barna á frístundaheimilum í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík er samkvæmt samningum þar um.

2. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum yfir vetur er að barnið stundi nám í þeim grunnskóla þar sem frístundaheimilið er og að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna dvalar barns/barna þeirra á frístundaheimili (sjá kafla 7.a).

Öll börn á tilskildum aldri geta notið þjónustu frístundaheimila á sumrin að því tilskildu að foreldri sé ekki í skuld við Reykjavíkurborg.

3. Flutningur milli frístundaheimila

Ef barn flyst milli skóla í Reykjavík áður en starfsemi frístundaheimila hefst að hausti má færa umsókn á milli frístundaheimila með því að hafa samband við það frístundaheimili sem barnið var upphaflega skráð í. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a. og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í frístundaheimili

Sækja má um forgang að frístundaheimili fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því, sjá hér að neðan. Umsóknum um forgang skal skila til forstöðumanns frístundaheimilis á þar til gerðu eyðublaði.

Börn með forgang innritast í samræmi við tímasetningu umsóknar, elsta umsókn fyrst.

Hægt er að sækja um forgang á frístundaheimili vegna:

- a) **Fatlaðra barna.** Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem

njóta forgangs vegna fötlunar. Staðfesting frá viðurkenndum greiningaraðila og/eða frá velferðarþjónustu skal fylgja umsókn.

- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn þjónustumiðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla, með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna sem hafa búið skemur en 2 ár á Íslandi.** Fylgja þarf staðfesting frá grunnskóla barnsins um upphafsdag skólavistar á Íslandi.
- d) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið á frístundaheimili um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal forstöðumaður tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ekki er veittur forgangur í sumarfrístund.

5. Dvöl og uppsögn

Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu í rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir frístundaheimilin og reglur um þjónustu frístundaheimila og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera rafræn inni á Mínum síðum, eða með tölvupóstitil forstöðumanns frístundaheimilis.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á Mínum síðum eða berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

5.1 Sumarstarf frístundaheimila

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Gjald fyrir þjónustu frístundaheimila og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.skolarogfristund.is.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl á frístundaheimilum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við þá daga sem börn þeirra dvelja á frístundaheimilum. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjalda á frístundaheimili yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afslátt af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín á frístundaheimili fá starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértæktrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. Umsókn um afslátt þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 10075% systkinaafsláttur af

dvalargjaldi eldra systkinis/vegna systkinaeldri systkina, annars barns og 100% vegna þriðja og fjórða barns. Veittur er 50% systkinaafsláttur af Í þeim tilvikum er miðað við fyrir sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/youngsta barni.sins fyrir eldra/eldri systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið-gjöldum á frístundaheimili ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkinaas í sjálfstætt reknum leikskóla, hjá eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. vegna dvalar í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna og fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur er ekki veittur afturvirk og miðast við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðréttu gjöld einn mánuð afturvirk ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir þjónustu sumarfrístundar er samkvæmt gjaldskrá eins og hún er birt á hverjum tíma á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Í sumarfrístund er greitt grunn gjald frá kl. 09:00-16:00. Greitt sérstaklega fyrir tímamann frá kl. 08:00-9:00 og frá kl. 16:00 -17:00.

Ekki er boðið upp á hressingu í sumarstarfinu nema annað sé tekið fram og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarfrístund er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns frístundaheimilisins eða viðkomandi frístundamiðstöðvar.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarstundinni.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sumarfrístund.

Ef foreldrar eru af erlendum uppruna og eiga lögheimili í Reykjavík (annað foreldri eða báðir) og barnið hefur búið á Íslandi skemur en tvö ár, eru þrjár vikur án endurgjalds í sumarfrístund gegn umsókn þar um. Sótt er um skriflega til viðkomandi frístundamiðstöðar. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Dvalargjöld eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á frístundaheimili er bindandi og er gjald fyrir þá dvöl innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur ferið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á Mínum síðum á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi um dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund. Gildir þá einu þó skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund, en í því felst m.a. að sviðinu er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu við foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til þjónustumiðstöðva. Sjá nánar : Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn.

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því að barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi frístundaheimilis um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu á frístundaheimili eftir veikindi. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirk komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn hóf að nýju dvöl á frístundaheimili.

Í sumarfrístund eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

9. Stuðningur

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávik á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra barnastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi dvelur á frístundaheimili Reykjavíkurborgar og þarf á sértækum stuðningi að halda, þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Um framlag Reykjavíkurborgar vegna barna, sem eru með lögheimili í Reykjavík og njóta sértæks stuðnings í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla eða grunnskóla utan Reykjavíkur, gilda sömu reglur og fjárhæðir og vegna barna í frístundaheimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) sérrými frístundaheimilis í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Frístundamiðstöð gerir samninga fyrir 1. apríl ár hvert við viðkomandi grunnskóla vegna húsnæðis frístundaheimilis fyrir komandi skólaár, þar sem rými, ábyrgð og rekstur er tilgreindur og skýr. Skólastjórum og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva ber að skila samningunum til skrifstofu skóla og frístundasviðs.

Ef aðstaða fyrir frístundaheimili er ófullnægjandi í grunnskóla skal SEA útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilisins fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis og reglulegir fundir. Skóli veitir forstöðumanni frístundaheimilis frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um starfssemi frístundaheimilis og annað frístundastarf til foreldra.

Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. gr. reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundum vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr fundi leikskóla með grunnskóla vegna miðlunar nauðsynlegra persónuupplýsinga vegna skólagöngu barna með samþykki foreldra. Samstarf er við leikskólastjóra um að fá samþykki foreldra fyrir því að forstöðumaður sitji skilafund vegna barna sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfelli í þjónustu við barnið og fjölskyldu þess.

Frístundaheimili skulu leita eftir samstarfi við aðra aðila sem veita börnum tómstundapjónustu í í sama hverfi með það að markmiði að börnin geti notið hennar á dvalartíma frístundaheimila.

12. Mannauður

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum 1. bekk og 16 börnum í 2.-4. bekk.

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tólstunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun. Frístundaleiðbeindur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Skólar og frístundaheimili leitist við að eiga samvinnu um að ráða starfsmenn sem geta gegnt starfi í skóla sem og á frístundaheimili.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017 og með þeim fellur úr gildi borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila, sem var staðfest í borgarráði 4. mars 2010.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 6. mgr. í gr. 1a varðandi það að verði tafir á þjónustu, t.d. vegna manneklu, sé umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, þá börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk, tekur gildi við innritun barna vegna hausts 2018. Fram að þeim tíma gildir sú regla að innritað er eftir aldri umsókna, elsta umsókn fyrst, eins og verið hefur.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsókn og innritun í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og um gjalddöku og innheimtu fyrir dvölinu. Gr. 1.c. og gr. 9 fjalla jafnframt um frístundaheimili í sjálfstætt reknum grunnskólum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Almennt um frístundaheimili

Reykjavíkurborg starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is, er yfirlit yfir öll frístundaheimili borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer. Þau starfa samkvæmt Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra bjóða frístundaheimili upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Börn geta eingöngu innritast á frístundaheimili sem starfrækt er við þann grunnskóla sem þau stunda.

Á sumrin bjóða frístundaheimili upp á þjónustu allan daginn, viku í senn. Þá geta foreldrar skráð börn sín inn á það frístundaheimili sem hentar þeim.

Um skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili má sjá nánar í 2. gr. þessara reglna.

Skráning í vetrarstarf frístundaheimilanna fer fram á vef Reykjavíkurborgar, Mínar síður og skráning í sumarstarf fer fram á www.sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um dvöl á frístundaheimili í öllum frístundamiðstöðvum og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns sækir það foreldri sem barn á lögheimili hjá um frístundaheimili.

Í janúar/febrúar ár hvert eru sendar upplýsingar um starfsemi frístundaheimila til foreldra þeirra barna sem eru að fara í 1.-4. næsta skólaár og eru með lögheimili í Reykjavík. Í febrúar hefst innritun fyrir komandi skólaár. Áður en sótt er um dvöl í frístundaheimili þurfa börnin að vera rafrænt innrituð í viðkomandi grunnskóla. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um frístundaheimili fyrir 1. maí ár hvert.

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna manneklu, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, þá börnum í 3.

bekk og að lokum börnum í 4. bekk. ¹Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu eins og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi, sjá 6. mgr. í gr. 1.a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Þegar sótt hefur verið um dvöl á frístundaheimili fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á föstudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu geta foreldrar séð hvort enn sé laust pláss í þeim vikum sem þeir vilja þjónustuna eða hvort biðlisti hafi myndast. Foreldrar eru látnir vita ef börnin komast inn af biðlista.

1.b Opnunartími, skipulagsdagur og sumarleyfi frístundaheimila

Frístundaheimili eru rekin á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra til samræmis við það sem kemur fram hér að neðan. Fyrsti opnunardagur að hausti er daginn eftir skólasetningu og síðasti dagurinn er daginn fyrir skólaslit.

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímam frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími frístundaheimila að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi:

- a. Á frídögum, í jólafrí, páskafrí og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00. Á aðfangadag og gamlársdag eru þau opin frá kl. 8:00-12:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst starfsemi frístundaheimilis á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og að af því stafi ekki kostnaðarauki fyrir frístundaheimili. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþrótt- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, námsmats eða prófdagar, vorferðir og fl. geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.
- c. Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum grunnskólanna. Þá bjóða frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
- d. Frístundaheimilin eru lokuð á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Starfsdagur/skipulagsdagur frístundaheimila eru tveir á skólaárinu, að jafnaði einn á haustönn og annar á vorönn. Þá daga eru frístundaheimilin lokuð.

Tilgreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku fyrir utan það að sérstakt gjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídögum grunnskóla, skv. lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjaldtöku í gr. 6a í reglum þessum.

¹ Reglan um að börnum í 1. bekk sé fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, þá börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk, tekur gildi vegna innritunar barna haustið 2018. Fram að þeim tíma gildir að innritað er eftir aldri umsókna, elsta umsókn fyrst, eins og verið hefur.



Á sumrin er boðið upp á sumarfrístund frá kl. 9:00-16:00, en hægt er að kaupa viðbótarstundir frá kl. 8:00-9:00 og frá kl. 16:00-17:00 sem greitt er fyrir sérstaklega. Leitast er við að samræma sumarfrístund við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir sumarfrístund.

Frístundaheimili sem bjóða upp á sumarfrístund eru lokuð í fjórar vikur yfir sumarið nema eitt frístundaheimili í hverjum borgarhluta sem er lokað í þrjár vikur og í frístundaheimilinu Guluhlíð er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

1.c Frístundaheimili í sjálfstætt starfandi skólum

Í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sjá skólarnir sjálfir um þjónustu við börn eftir skólatíma. Framlag vegna dvalar reykviskra barna á frístundaheimilum í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík er samkvæmt samningum þar um.

2. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum yfir vetur er að barnið stundi nám í þeim grunnskóla þar sem frístundaheimilið er og að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna dvalar barns/barna þeirra á frístundaheimili (sjá kafla 7.a).

Öll börn á tilskildum aldri geta notið þjónustu frístundaheimila á sumrin að því tilskildu að foreldri sé ekki í skuld við Reykjavíkurborg.

3. Flutningur milli frístundaheimila

Ef barn flyst milli skóla í Reykjavík áður en starfsemi frístundaheimila hefst að hausti má færa umsókn á milli frístundaheimila með því að hafa samband við það frístundaheimili sem barnið var upphaflega skráð í. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a. og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í frístundaheimili

Sækja má um forgang að frístundaheimili fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því, sjá hér að neðan. Umsóknnum um forgang skal skila til forstöðumanns frístundaheimilis á þar til gerðu eyðublaði.

Börn með forgang innritast í samræmi við tímasetningu umsóknar, elsta umsókn fyrst.

Hægt er að sækja um forgang á frístundaheimili vegna:

- a) **Fatlaðra barna.** Þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem njóta forgangs vegna fötlunar. Staðfesting frá viðurkenndum greiningaraðila og/eða frá velferðarþjónustu skal fylgja umsókn.



- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn þjónustumiðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna svo og námsráðgjafar eða deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla, með samþykki foreldra, geta sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna sem hafa búið skemur en 2 ár á Íslandi.** Fylgja þarf staðfesting frá grunnskóla barnsins um upphafsdag skólavistar á Íslandi.
- d) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið á frístundaheimili um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal forstöðumaður tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ekki er veittur forgangur í sumarfrístund.

5. Dvöl og uppsögn

Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu í rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir frístundaheimilin og reglur um þjónustu frístundaheimila og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera rafræn inni á Mínum síðum, eða með tölvupóst til forstöðumanns frístundaheimilis.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á Mínum síðum eða berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

5.1 Sumarstarf frístundaheimila

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Gjald fyrir þjónustu frístundaheimila og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.skolarogfristund.is.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl á frístundaheimilum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við þá daga sem börn þeirra dvelja á frístundaheimilum. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjalda á frístundaheimili yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afsláttur af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín á frístundaheimili fá starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértæktrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýttist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs er veittur 75% afsláttur af dvalargjaldi vegna annars barns og 100% vegna þriðja



og fjórða barns. Veittur er 50% systkinaafsláttur af gjöldum á frístundaheimili ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis í leikskóla, hjá dagforeldri eða vegna dvalar í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkir og miðast við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta gjöld einn mánuð afturvirkir ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir þjónustu sumarfrístundar er samkvæmt gjaldskrá eins og hún er birt á hverjum tíma á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Í sumarfrístund er greitt grunngjald frá kl. 09:00-16:00. Greitt sérstaklega fyrir tímamann frá kl. 08:00-9:00 og frá kl. 16:00 -17:00.

Ekki er boðið upp á hressingu í sumarstarfinu nema annað sé tekið fram og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarfrístund er námskeiðsgjald fellt niður gegn framvísun læknavottorðs til forstöðumanns frístundaheimilisins eða viðkomandi frístundamiðstöðvar.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarstundinni.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sumarfrístund.

Ef foreldrar eru af erlendum uppruna og eiga lögheimili í Reykjavík (annað foreldri eða báðir) og barnið hefur búið á Íslandi skemur en tvö ár, eru þrjár vikur án endurgjalds í sumarfrístund gegn



umsókn þar um. Sótt er um skriflega til viðkomandi frístundamiðstöðar. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Dvalargjöld eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á frístundaheimili er bindandi og er gjald fyrir þá dvöl innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur ferð fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á Mínum síðum á vef Reykjavíkurborgar eða með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar viku áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi um dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund. Gildir þá einu þó skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.



Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund, en í því felst m.a. að sviðinu er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu við foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til þjónustumiðstöðva. Sjá nánar : Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn.

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því að barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi frístundaheimilis um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu á frístundaheimili eftir veikindi. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirk komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn hóf að nýju dvöl á frístundaheimili.

Í sumarfrístund eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

9. Stuðningur

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra barnastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi dvelur á frístundaheimili Reykjavíkurborgar og þarf á sértækum stuðningi að halda, þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Um framlag Reykjavíkurborgar vegna barna, sem eru með lögheimili í Reykjavík og njóta sértæks stuðnings í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla eða grunnskóla utan Reykjavíkur, gilda sömu reglur og fjárhæðir og vegna barna í frístundaheimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) sérrými frístundaheimilis í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Frístundamiðstöð gerir samninga fyrir 1. apríl ár hvert við viðkomandi grunnskóla vegna húsnæðis frístundaheimilis fyrir komandi skólaár, þar sem rými, ábyrgð og rekstur er tilgreindur og skýr. Skólastjórum og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Ef aðstaða fyrir frístundaheimili er ófullnægjandi í grunnskóla skal SEA útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilisins fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis og reglulegir fundir. Skóli veitir forstöðumanni frístundaheimilis frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um starfssemi frístundaheimilis og annað frístundastarf til foreldra.

Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. gr. reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr fundi leikskóla með grunnskóla vegna miðlunar nauðsynlegra persónuupplýsinga vegna skólagöngu barna með samþykki foreldra. Samstarf er við leikskólastjóra um að fá samþykki foreldra fyrir því að forstöðumaður sitji skilafund vegna barna sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið og fjölskyldu þess.

Frístundaheimili skulu leita eftir samstarfi við aðra aðila sem veita börnum tómstundaþjónustu í í sama hverfi með það að markmiði að börnin geti notið hennar á dvalartíma frístundaheimila.

12. Mannauður

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum 1. bekk og 16 börnum í 2.-4. bekk.



Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tómsunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun. Frístundaleiðbeindur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Skólar og frístundaheimili leitist við að eiga samvinnu um að ráða starfsmenn sem geta gegnt starfi í skóla sem og á frístundaheimili.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017 og með þeim fellur úr gildi borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila, sem var staðfest í borgarráði 4. mars 2010.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 6. mgr. í gr. 1a varðandi það að verði tafir á þjónustu, t.d. vegna manneklu, sé umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, þá börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk, tekur gildi við innritun barna vegna hausts 2018. Fram að þeim tíma gildir sú regla að innritað er eftir aldri umsókna, elsta umsókn fyrst, eins og verið hefur.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.